

Reykjavík, 5. september 2018

SFS2018080111

143. fundur

HG/sv/jhm

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Húsaskóla

Starf skólastjóra í Húsaskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf 27. júlí 2018 og í Fréttablaðinu 28. júlí 2018 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 9. ágúst 2018. Ráðið var í skólastjórástöðuna frá og með 13. ágúst 2018.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Húsaskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að metnaðarfullum einstaklingi sem byggi yfir, frumkvæði, leiðtogaþæfileikum og hefði góða fagþekkingu á skólastarfi og skólaþróun.

Sex sóttu um skólastjórastöðuna. Umsækjendur voru Guðlaug Erlendsdóttir, Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Helga Sveinsdóttir, Hulda Birna Baldursdóttir, Jóhanna Lovísa Gísladóttir og Katrín Cýrusdóttir.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tóku gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra, sem haldinn var 15. ágúst 2018, gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Katrín Cýrusdóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Húsaskóla.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Katrínu Cýrusdóttur skólastjóra við Húsaskóla frá 20. ágúst 2018.

Katrín lauk B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1996 og eins árs viðbótarnámi í almennu kennaranámi að loknu kennaraprófi 1997 frá sama skóla. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 7 ár, sem stigsstjóri í 7 ár, sem yfirmaður frístundaheimilis í 2 ár, sem deildarstjóri í grunnskóla í 3 ár og sem deildarstjóri og staðgengill skólastjóra í tvö ár.